

Alþingi
Erindi nr. P 142/146
komudagur 1.7.2013



Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. júlí 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 25. mál, frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga (heildarlög), 6. mál og frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegur stuðningur (heildarlög), 7.mál., 142. löggjafarþing.

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) vísar í umsagnir Alþýðusambands Íslands um ofangreind mál þar sem heildarsamtökin hafa verið fulltrúar verkalyðshreyfingarinnar í samráði um endurskoðun almannatrygginga. SGS vill þó taka fram nokkur atriði sem brýnt er að halda til haga:

Að baki frumvörpum um ný heildarlög á sviði slysatrygginga og lífeyrisréttinda (6. og 7. mál) liggur mikil þverpólítísk vinna sem rík sátt hefur náðst um og mikilvægt er að áfram verði byggt á. Breytingar á almannatryggingum er flókið og margþætt verkefni sem snertir hagsmuni og velferð fjölda fólks og því brýnt að öll skref séu stigin varlega og í samráði við hagsmunaaðila. Samhljómur er um að nauðsynlegt sé að einfalda kerfið og auka gagnsæi svo notendum þess séu ljós réttindi sín á hverjum tíma auk þess sem tryggja þarf að samspil almannatrygginga, lífeyrissjóðstekna og annarra tekna sé réttlátt og skilvirkt.

Starfsgreinasambandið fagnar því sérstaklega að tekið hafi verið mið af athugasemdum þeim sem ASÍ gerði við frumvarp um slysatryggingar almannatrygginga á síðasta þingi (635. mál, 141. lþ.) og varða skilgreiningu vinnuslyss. Með breytingunni á frumvarpinu milli þinga er rennt stoðum undir rétt vinnandi fólks til trygginga og varðar málið tugi manns á ári.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra (25. Mál) og varða m.a. lækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar úr 45% í 38,35% sýnir vilja stjórnvalda til að auka framlög til lífeyriskerfisins og er það vel. Þessar breytingar koma hópum þó misvel og hafa til dæmis engin áhrif á þá lífeyrisþega sem þurfa að reiða sig eingöngu á tekjur almannatrygginga eða hafa lífeyrissjóðstekjur undir 215.000 krónum á mánuði. Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun ríkisins eru elli- og örorkulífeyrisþegar ríflega 46.000 en breytingin mun skv. athugasemdum við frumvarpið hafa áhrif á tekjur um 7.000 þessara lífeyrisþega eða um 15%.

Þeir hópar sem eftir standa eru þeir sem hafa síst byggt upp lífeyrissjóði á starfsævinni vegna lágra launa, lítillar atvinnuþátttöku eða takmörkuðum störfum í launavinnu. Breytingarnar sem lagðar eru til koma því mismunandi við fólk eftir stétt og kyni en hlutverk almannatrygginga er að vera öryggisnet og það hlutverk þarf að vera viðmiðið við hverskonar breytingar. Starfsgreinasambandið leggur því til að samráð verði haft um þær tillögur sem boðaðar eru í stjórnarfrumvarpinu (25. mál) líkt og ferlið var í hinum frumvörpunum sem um ræðir. Þannig má fá málamiðlum um samspil tekjutengingar milli almannatrygginga og lífeyrissjóðstekna en jafnframt gæta þess að fólki sem ætlað er að lifa á lægsta lífeyrinum fái notið þess þegar framlög til almannatrygginga eru aukin.

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, VI og sjómf Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-löjla, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, VI og sjómf Keflavíkur og nágrennis (VSFK), VI og sjómf. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands



Drífa Snædal, framkvæmdastjóri